

Valtýr Stefánsson:

„Í stjórnmalabaráttu þessara ára hafði Einar alltaf sérstöðu sem hinn rökfimi gagnrýnandi, er aldrei hvarflaði frá þeirri lífsskoðun sinni, að ósamlyndi manna og deilur stöfuðu fyrst og fremst af vanþekkingu, þeir þekktu ekki nægilega vel hvorir aðra. Að þekkja er sama og fyrirgefa var í raun og veru kjörorð hans. Í deilum og orðasennum var það fjarri honum að nota nokkurn tíma óþvegin stóryrði, sem allt of mjög hefur tíðkæzt í íslenskri blaðamennsku. Skarpskyggni hans og orðsnilld valdi það vopnið, sem hæfði honum betur: napurt háðið.“

(Með Valtý Stefánssyni, bls. 205. Bókfellsútgáfa 1962.)

„Ástúð og vitsmunir. Þessi orð koma víða fyrir hjá Einari H. Kvaran, en gætu verið einkunnarorð á ævi hans og lífsstarfi. Þegar hann féll frá 21. maí 1938 var flestum ljóst, að hann hafði í hálföld, orðið til þess umfram aðra menn að móta hugsunarhátt þjóðarinnar og auka með henni andlega víðsýni, mannúð og miskunnsemi.“

(Tómas Guðmundsson, Mannlýsing, útg. AB 1959.)

„Sem málflytjandi og boði nýrra sjónarmiða hafði hann töframannslag á að skírskota til þeirra viðbragða, sem stóðu dýpstum rótum í almenningi og hagnýta þau til stuðnings máli sínu, en í þessu er falinn leyndardómur alls áróðurs, ef til vill hefur enginn meiri listamaður í málflutningi lifað honum samtímis á Íslandi.“

(Halldór Laxness í grein um Einar H. Kvaran látinn.)